



9. stjórnarfundur LH

10. apríl kl. 15:00 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Mættir úr aðalstjórn: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Ólafur Þórisson gjaldkeri, Helga B. Helgadóttir ritari, Haukur Baldvinsson, Andrea M. Þorvaldsdóttir

Mættir úr varastjórn: Ingimar Ingimarsson, Sóley Margeirsdóttir, Stefán G. Ármannsson

Fjarverandi úr aðalstjórn: Jóna Dís Bragadóttir varaformaður, Eyþór Jón Gíslason

Fjarverandi úr varastjórn: Rúnar Bragason, Magnús Benediktsson

Gestur: Hilda Karen Garðarsdóttir verkefnastjóri LH

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir 7. og 8. fundar samþykktar.

2. Erindi frá Léttisfólki vegna hrossarekstra

Léttir og Akureyrarbær eru að vinna að lausn í málinu saman. Stjórn LH treystir stjórn Léttis og Akureyrarbæ til að klára þetta mál á heimvelli með farsælli niðurstöðu fyrir alla.

3. Vinnufundur v/afrekssjóðs ÍSÍ

JDB og HBH fóru á vinnufundina og á seinni fundinum var m.a. farið yfir afreksstefnuna. Hvað er stórmót? Viðmið í afrekshópinn. Góður vinnufundur og gögn úr vinnuhópum verða lögð fyrir íþróttaping í byrjun maí. HBH leggur áherslu á að LH sinni vel öllu því sem er í gangi í ÍSÍ, fundir, fræðsla og hvaðeina.

4. Íþróttaping ÍSÍ

LH hefur rétt á að senda 7 fulltrúa á þingið. Góðar umræður um þingið og málefni. Þinggögn verða send út frá ÍSÍ í síðasta lagi 21.apríl 2017. Samþykkt að biðja stjórnarfólk að bjóða sig fram til þingsetunnar og fylla öll sætin okkar.

5. Lög Nordic Icelandic Horse Collaboration

Farið yfir login sem send voru fulltrúa okkar, AMP og formann. Óskað var eftir að allar stjórnir landanna færu vel yfir lögin. Lögin samþykkt. Formaður stakk upp á að AMP yrði áfram okkar fulltrúi í þessu samstarfi Norðurlandanna og var það samþykkt.

6. Æskan og hesturinn Norðurlandi og Reykjavík – styrkbeiðnir

Samþykkt að veita hvorri sýningu kr. 70.000 í styrk.

7. Starfsmannamál

Nýr samningur gerður við Hildu Karen Garðarsdóttur verkefnastjóra hjá LH og var hann samþykktur.

Þórdís Anna Gylfadóttir lét af störfum hjá LH 3. apríl s.l. og er henni þakkað gott vinnuframlag og samstarf síðustu mánuði.

Samþykkt var að auglýsa eftir starfsmanni í Fréttablaðinu á laugardaginn kemur, 15.apríl. HBH og LÁH.



8. Skógarhólar

LÁH hitti þau Bergdís og Árna staðarhaldara á Skógarhólum á laugardaginn var. Staðurinn hefur komið vel undan vetri og voru herbergin lítillega kynnt sem hefur augljóslega skipt miklu.

Nauðsynlegt að lagfæra baðherbergin, mála svefnherbergin og setja plastparket á gólf. Einnig þarf að lagfæra girðingar. Málning kemur frá Málningu ehf. okkur að endurgjaldslausu og ber að þakka þá gjöf kærlega. Formaður gengur frá samningi við sömu staðarhaldara og síðast.

9. Verkefni framundan

a. Allra sterkustu

Undirbúningur gengur vel, margt að gera. Sterkir hestar koma í keppni í tölti og skeiði, sem var bætt við. Gert er ráð fyrir að stjórnarmenn komi á viðburðinn.

b. Hestadagar

Um allt land 29. apríl – 1. maí. Senda á félögin, hvetja þau til að taka þátt, hafa opin hús og bjóða almenningi í hesthúsin. Mælt er til þess að stjórnarmenn komi í skráðreið og taki þátt í hátíðinni.

10. Samningur við Rangárbakka – staða

Samningaviðræður halda áfram. Samningur við Fák vegna 2018 mótsins er ávallt hafður sem grunnur í viðræðunum.

11. Ársreikningur LH – drög

Ólafur Þórisson gjaldkeri fór lauslega yfir helstu niðurstöður í drögum að ársreikningi.

12. Önnur mál

- WF myndbönd. Formaður fundaði með Jóni Baldri Lorange vegna myndbandanna í WorldFeng. WF mun senda kynningarmyndband á póstlista FEIF innan tíðar. Fram kom á fundinum að á næstunni yrði efni frá LM2012 sett inn.
- Málþing um reiðvegamála. Verður haldið í Borgarnesi 14. október 2017. JDB, HBH og HKG funduðu um daginn með formanni og varaformanni ferða- og samgöngunefndar LH, þeim Halldóri H. Halldórssyni og Sæmundi Eiríkssyni vegna þess. Síðast var haldið svipað málþing um reiðvegi árið 2000 og ljóst þykir að það þurfi að krefjast úrbóta í þessum málum.
- Formannafundur LH. Haldinn 3. nóvember 2017, daginn fyrir Uppskeruhátíð hestamanna.
- Tóbaksnotkun í reiðhúsum og keppnissvæðum. Skrifstofa ásamt AMP fari í að hanna skilti og láta prenta til að dreifa til hestamannafélaganna.

*Ekki fleira fært til bókar. Fundi slitið um 18:00.
Fundargerð ritaði Hilda Karen Garðarsdóttir.*